

„Forréttindi að fá að starfa í Malaví“

-Rætt við Ásdísi Bjarnadóttur sem fór til Malaví sem starfsnemi árið 2008 og er þar enn!

„Það eru virkileg forréttindi að fá að starfa í Malaví með heimamönnum og mér finnst ég ekki síst hafa lært mikið af þeim þótt forsendurnar fyrir þróunarsamvinnu séu oft á hinn veginn, að við þróunarstarfsmenn séum þeir sem koma með þekkinguna. Þetta er búinn að vera frábær tími og ég upplifði svo margar góðar og skemmtilegar stundir sem verða mér ávallt minnstæðar. Ég held að mannlífið sé það sem er mér einna minnstæðast frá Malaví – ef ég loka augunum þá get ég séð fyrir mér fyrstu ferðina mína út í hina malavísku sveit – svo mikið af fólki og geitum alls staðar; fólk að fara ferða sinna fótgangandi með oft ótrúlegar byrðar á höfðinu, hjólandi með geit á bögglabera; konur, börn og menn að sinna sínu, allir að koma og fara, mikið líf og fjör í vegkantinum,“ segir Ásdís Bjarnadóttir sem fór til Malaví sem starfsnemi vorið 2008. Þá var ætlunin að Ásdís yrði þar í fimm mánuði við störf á umdæmisskrifstofu Þróunarsamvinnustofnunar í Lilongve, en dvölin lengdist og Ásdís er enn í Malaví. Veftímaritið ræddi á dögunum við hana þegar hún kom heim til stuttrar dvalar um áramótin.



„Ég lauk mastersnámi í þróunarfræðum frá School of Oriental and African Studies í London og í kjölfarið sótti ég um starfsnámið sem var afar gott tækifæri fyrir mig sem stefndi inn á þennan vettvang.“

-Hvað kom til að þú ílengdist í Malaví eftir fimm mánaða starfsnematímann?

„Það vildi svo heppilega til að um það leyti sem starfsnematímanum var að ljúka þá losnaði staða sérfræðings á skrifstofunni sem mér bauðst. Mánuðirnir fimm urðu því að tveimur og hálfu ári“

-Við hvaða störf hefur þú aðallega fengist?

„Starfið var mikið til hefðbundin skrifstofuvinna þar sem ég hóf morgnana yfirleitt á því að kveikja á tölvunni, ná mér í kaffibolla og fara yfir tölvupóstana. Annars má segja að fjölbreytni hafi einkennt starfið. Verkefni mín fólust m.a. í því að rýna í gögn og skrifa skýrslur, sjá um ýmislegt tilfallandi fyrir einstök verkefni, sækja samráðsfundi í þeim geirum sem ÞSSÍ starfar ásamt öðrum fulltrúum frá alþjóðlegum stofnunum eða samtökum og malavískum samstarfsaðilum og fylgjast með framgangi verkefna í Mangochi héraði sem er aðalstarfssvæði ÞSSÍ. Því fylgdi yfirleitt heilmikil samskipti við innlenda samsstarfsaðila og þá sem njóta góðs af verkefnunum sem ég tel vera nauðsynlegt ekki aðeins fyrir framgang verkefna heldur líka til að minna mann á hvers vegna við erum þarna og hvað við gætum gert betur.“

Ásdís segir að Þróunarsamvinnustofnun Íslands hafi í gegnum tíðina styrkt mörg góð og brýn verkefni. „Þau sem eru mér einna efst í huga eru barnaskólaverkefnið og fullorðinsfræðslan sem haldast að mörgu leyti í hendur,“ segir hún. „Bæði verkefnin hafa það að markmiði að efla menntun sem er svo mikilvægur liður í baráttunni gegn fátækt og ein af grunnforsendum framþróunar; barnaskólaverkefnið með því að bæta aðbúnað í skólum til að stuðla að aukinni skólagöngu barna, og í fullorðinsfræðslunni er sjónum beint að ólæsum þar sem konur eru í miklum meirihluta en menntun innan fjölskyldna grundvallast oft á læsi kvenna.“

-Hvernig tókstu á við lífið þennan tíma, stundum hlýtur að hafa verið einmanalegt?

„Já, ég eyddi töluverðum tíma ein, sérstaklega í byrjun áður en ég fór að þekkja mig almennilega um og kynnast fólki. Við fyrstu sýn virðist ekki vera mikið um að vera í Lilongve. Ég man fyrsta kvöldið mitt sem ég fór út, var sótt af vinum sem ætluðu með mig á veitingastað, mér fannst við keyra um í heila eilífið í myrkri eins og ég hef aldrei áður upplifað myrkur. Það var ekki hræða á ferli og ég velti fyrir mér

hvert ég væri eiginlega komin! Um leið og maður fer að verða kunnugur þá uppgötvar maður að það er nú samt heilmikið í gangi. Það er bara ekki augljóst. Fólk safnast saman til að spila blak á miðvikudagskvöldum, það eru yfirleitt skipulögð vídeókvöld einu sinni í viku í einhverju heimahúsi,



hlaupa- og skokkhópur sem hægt er að ganga til liðs við og svo framvegis. Ég uppgötvaði t.d. jógatíma hjá leiðbeinanda sem er sú besta sem ég hef nokkurn tíma haft og það varð fastur liður hjá mér að sækja tíma tvisvar í viku. Maður hefur mikinn tíma til að lesa og ég hef sennilega aldrei lesið jafnmikið áður um ævina nema kannski þegar ég var námi! Malavar eru mjög vingjarnlegir en samskipti mín við þá einskorðuðust aðallega við vinnuna. Ekki svo auðvelt að kynnst þeim náði, hvort sem það hafði að gera með mig persónulega eða kannski vegna þess að ég var enn einn útlendingurinn komin til að starfa og búa í Malaví í

takmarkaðan tíma. Flestir minna vina voru aðrir erlendir þróunarstarfsmenn og ég var svo lánsöm að eignast afar góðan vínahóp sem gerði margt skemmtilegt saman. Ég var líka heppin að vera að vinna með góðu fólki sem tók afar vel á móti mér frá fyrstu stundu og eignaðist trausta vini úr þeim hópi. Mér leið almennt ákaflega vel í Malaví og á þessum tíma sem ég bjó þar þá varð Malaví mitt “heima”. Alls ekki auðvelt að yfirgefa Malaví, maður skilur svolítið eftir af hjartanu þar.”

-Og hvað tekur nú við?

„Engin langtímaplön enn sem komið er en ég er reyndar aftur á leiðinni til Malaví innan skamms, þó aðeins í stuttan tíma í þetta skiptið! Annars er ég bara búin að vera að njóta þess að vera komin heim og eyða tíma með fjölskyldu og vinum.” -Gsal